

## Purfa og skulu

Haraldur er að fá gesti í kvöld. Hvað *þarf* hann að gera til að allt verði fínt í eldhúsinu?  
Þjóddu honum að hjálpa til með eitt verk.



Dæmi:

Hann *þarf* að fara út með ruslið

Ég *skal* fara út með ruslið fyrir Harald.

Nokkur sagnorð:

strauja + þf.  
brjóta saman + þf.  
vaska upp / þurrka + þf.  
ganga frá + þgf.  
ryksuga + þf.  
sópa + þf.  
fara út með ruslið  
þurrka af + þgf.  
hengja upp + þf.

Andlög sagnorðanna

skyrturnar  
leirtaið  
maturinn  
gólfið / stiginn  
borðin  
frakkinn

## Mega og eiga

Starfsfólkið á auglýsingastofunni hélt að forstjórinn yrði í frí allan daginn. En svo kom hann allt í einu. Lýsið því hvað fólkið *má* ekki gera í vinnunni og hvað það *á* að vera að gera.

**Eiga** lýsir því að einhver annar ákveður hvað frumlagið á að gera.

**Mega** lýsir því að einhver annar leyfir frumlaginu að gera eitthvað.

*Eiga og mega* beygjast eins.

Ég *á* að læra heima í kvöld. Mamma sagði það.

Ég *má* skila prófinu á mánudaginn. Kennarinn sagði



1. Gunnar má ekki hlusta á ... Hann á að tala í ...
2. Konan með stóru gleraugun má ekki ...
3. Konan má ekki ..., hún á að

### nafnorð:

1. útvarp – sími
2. tímarit – skýrsla
3. neglur – grein
4. stóll – pera
5. krossgáta – mynd
6. spil – bréf
7. ljósmyndir –  
auglýsingamyndir

### sagnorð

1. hlusta → tala
2. skoða → lesa
3. klippa
4. sofandi → skipta um
5. gera krossgátu → teikna
6. spila → lesa
7. sýna

Sagnasamböndin  
vera búin(n) að ...  
eiga eftir að ...

Haraldur tekur venjulega til á laugardögum. Á mynd A er hann að byrja og á mynd B, tveimur tímum seinna, er hann enn að.

Hvað er hann *búinn að gera*?

Hvað er hann *ekki búinn að gera*? / Hvað á hann *eftir að gera*?



Nokkur sagnorð:

strauja + þf.  
brjóta saman + þf.  
vaska upp / þurrka + þf.  
ganga frá + þgf.  
ryksuga + þf.  
sópa + þf.  
fara út með ruslið  
þurrka af + þgf.  
hengja upp + þf.

Andlög:


skyrturnar  
leirtauið  
maturinn  
gólfið / stiginn  
borðin  
frakkinn

## Ætla

Ætla lýsir því hvað frumlagið ákveður að gera sjálft. Ætla + aðalsögn vísar til framtíðar.

Ég ætla að hlusta á horfa á sjónvarpið í kvöld.

Skodið myndina og spjallið saman.



Segið hvað fólkið ætlar að gera, hvar og hvenær?

1. Ég ætla að horfa á sjónvarpið í stofunni í kvöld.

**Hvar:**

í stofunni, á baðinu (á baðherberginu),  
í herberginu (í svefnherberginu), í eldhúsinu,

**Hvenær:**

á morgun, eftir hádegi, bráðlega,  
um helgina, eftir matinn, í kvöld  
á eftir, í hádeginu, fyrir kvöldmatinn ...

## Talið saman

Hvað *ætla*r þú að gera um helgina?

Hvað *langar* þig að gera um helgina?

Hvað *þarftu* að gera og af hverju?

Hvað *verður* þú að gera, annars hvað?

Hvað *myndir* þú gera um helgina ef þú gætir gert allt sem þú vilt?

Ert þú með ofnæmi fyrir einhverju, mat eða einhverju öðru? Er eitthvað sem þú *mátt* ekki borða eða gera? *Máttu* kannski borða allt?